

Skýrsla Skógræktarfélags Selfoss um framkvæmdir í Hellisskógi á árinu 1994.

Árið 1994 náðist merkur áfangi í starfi Skógræktarfélags Selfoss. Þann 19. maí var undirritaður nýr samningur um Hellisskóg. Viðstaddir voru embættismenn frá Selfossbæ og stjórn Skógræktarfélagsins. Í samningnum var meðal annars Skógræktarfélaginu úthlutað viðbótar landi ofan við gamla svæðið og Hellisskógur stækkaður um 72 ha. og er því alls um 125 ha. Engar framkvæmdir voru á nýja svæðinu í sumar enda svæðið ógirt. Í haust var hluti svæðisins kíplægður, jafnað fyrir girðingastæðum, jafnað út skurðruðningum og grafið fyrir hornstaurum. Með þessum áfanga margfaldast útivistargildi Hellisskógar á næstu áratugum.

Sumarið 1994 var svipað fyrirkomulag á starfinu í Hellisskógi og tekið var upp 1993. Sjálfbóðaliðar á vegum Skógræktarfélagsins unnu þrjú kvöld við plöntun, en önnur störf svo sem plöntun, áburðargjöf, umhirðu og stígagerð sá 4-6 manna vinnuflokkur launaður af atvinnuleysistryggingasjóði.

Vinnuflokkurinn starfaði við plöntun og áburðargjöf 6. júní til 26. júlí og við stígagerð ofl. 15. ágúst til 8. september. Ásdís Styrmsdóttur sá lengst af um verkstjórn en í lok ágúst kom Bjarni Pálsson með sinn vinnuflokk í Hellisskóg og aðstoðaði við stígagerð enda orðið fámennt í flokki Ásdísar.

Eins og árið 1993 var Örn Óskarsson starfsmaður Skógræktarfélagsins og sinnti framkvæmdastjórn í Hellisskógi ásamt skipulagsvinnu, plöntuöflun og annari efnisöflun fyrir sjálfbóðaliða og vinnuflokkinn.

Vöxtur var yfirleitt mjög góður í birki, öspum, furum og víði sumarið 1994, en sitkagreni var lélegt sem sennilega er afleiðing af næturfrostum í ágúst 1993 og kalskemmdum í kjölfar þess. Nýplantað sitkagreni skemmdist í kjölfar næturfrosts 15. júní í sumar en aðrar tegundir og eldri plöntur voru óskemmdar.

Að loknu þessu starfsári má segja að fullplantað sé í allt gamla svæðið. Alls hefur verið plantað 132056 plöntum af 46 tegundum frá árinu 1986 þegar plöntun hófst. Auk þess hafa í kjölfar friðunnar hvarvetna sprottið upp sjálfstáðar plöntur af víði og birki.

Helstu framkvæmdir í Hellisskógi 1994.

- 1) **Plöntun.** Alls var plantað 41806 plöntum í Hellisskógi 1994. Félagsmenn plöntuðu þrjú kvöld í Hellisskógi. Þann 24. maí var plantað í trjásafnsreit (Júllareit). Plantað var 200 birkiplöntum, 150 sitkagreniplöntum, 50 bergfurum og 10 steinbjörkum. Allt voru þetta pottaplöntur. Að auki var plantað 40 evrópulerkiplöntum (fp) og 66 víðiplöntum af ýmsum kvæmum. Þetta kvöld komu 10 þýskir ferðamaður og fengu að planta 30 bergfurum í sérstakann reit. Aftur var unnið 2. og 7. júní. Þá plöntuðu félagsmenn í gamla túnið hans Krtistjáns, 1100 alaskavíðiplöntum, 3100 sitkagreniplöntum og 120 birkiplöntum. Túnið var plægt í fyrrahaust og plantað var ofan í plógstrengina.

Vinnuflokkurinn undir stjórn Ásdísar Styrmsdóttur plantaði 6. júní til 26. júlí um 36840 plöntum. Mest var plantað af birki (um 17040) og sitkagreni (11900). Einnig var plantað 7500 bergfurum. Allt voru þetta fjölpottaplöntur. Að auki plantaði hópurinn 400 alaskavíðiplöntum. Sitkagreninu var plantað í reiti norðaustan við Tjarnarhóla (r 52, 53, 54). Einnig var bætt inni eldri plantanir austur af Grímsklettum (r 42, 43, 44) og upp með Hellisgili. Birki var plantað í reiti ofan við Grímskletta (r 37, 38, 39, 40). Bergfuru var plantað inn á milli eldri trjáa norðan við Hellisholt (r 20) og norðaustan við Grímskletta (r 41). Í reit ofan við trjásafnið (r 4), í reiti upp á Hellisholti (r 16, 17) og



Plantað í Hellisskógi 1994

efst í Hellisgili (r 55) var plantað birki og bergfuru í bland. Settur var hrossaskítur með hverri plöntu í reitum 4 og 55. alaskaviði var plantað í víðibreiður í reiti á gamla ruslahaugastæðinu (r 8, 9, 10).

Einstaklingar og félagssamtök plöntuðu í sína reiti og víðar. Þann 14. maí mættu nokkrir frambjóðendur sjálfstæðisflokksins ásamt stuðningsfólki og plöntuðu 300 mýrarlekiplöntum norðan við Tjörnina (r 54). Inner Wheel - konur plöntuðu 120 birkiplöntum og 40 sitkagreniplöntum í reitinn sinn 6. júní og Sigrún og Árni (frá Flögu) plöntuðu fjölmörgum birki-, aspa- og víðiplöntum í reitinn sinn í Grímsklettum í júní og júlí. Þann 10. júní komu 13 Lions - menn í Hellisskóg og plöntuðu 160 birkitrám austan í Grímskletta. Settur var skítur með hverri plöntu.

Plöntulisti.

Tegund	Fjöldi	Tegund	Fjöldi
Birki	17040	Birki (pottapl)	200
Sitkagreni (fp) Tumast.	15000	Sitkagreni (pott) Tumast.	100
Bergfura f(p 96)	3500	Bergfura (fp 40)	4000
Bergfura (pottal)	50	Mýrarleki (fp 40)	300
Evrópulerki (fp 40)	40	Steinbjörk (pottapl)	10
Orravíðir (pottapl)	5	Körfuvíðir	1
Alaskaviðir (Sólh)	1500	Alaskaviðir (ýmis kvæmi)	50
Jörvavíðir (Sandi)	10		

2) **Áburðardreifing.** Alls var dreift 1550 kg af blákornum (31 poki). Vinnuflokkurinn dreifði úr 28 pokum og félagsmenn úr 3 pokum. Borið var á svo til allar eldri plöntur innan svæðisins og að hluta á nýplantanir.

3) **Stígagerð.** Vinnuflokkurinn lagði nokkra nýja stíga og bar ofan í eldri stíga síðari hluta ágúst og í byrjun september. Nýjir stígar voru lagðir meðfram Ölfusá upp í Hellisgil. Þar voru sett 17 ræsi og smíðaðar tvær 4 m langar brýr. Rörin í ræsin voru meterslönng plaströr og voru gjöf frá Set h/f. Efni í brýrnar (4 stk, 2”x5”, 3,9 m og 45 stk, 1”x6”, 1,0 m.) var keypt hjá SG. Efnið var allt gagnvarið. Einnig voru lagðir nýjir stígar vestan Grímskletta og austan við trjásafnsreit. Bornið var í eldri stíga í Grímsklettum og ofan við Tjarnarhóla. Alls fóru 22 hlöss af mulningi í stígana. Notaður var lítill traktor og sturtuvagn við stígagerðina þar sem slíkt var mögulegt en annars var mölin flutt í hjólbörum. Reynslan af stígunum er góð og virðast þeir nýtast bæði göngufólki og hjólréiðamönnum.

4) **Vegagerð.** Starfsmenn áhaldahúss lögðu veg frá bílastæði norðan Grímskletta niður að Ölfusá við Hellisgil. Verkið var unnið í janúar og febrúar og er vegurinn um 300 m langur. Þessi vegur er einkum hugsaður til hagsbóta fyrir veiðimenn en nýtist skógræktarfólki og trimmurum einnig vel.

5) **Tæting.** Gísli Geirsson tætti fyrir skjólbeltum á gömlu ruslahaugunum ((r.8, 9) og norðvestan Grímskletta (r 56) í maílok og í október tætti hann upp eldvarnarbeltin.

6) **Kílræsi og ýtuvinna.** Pálmi Jónsson frá Sauðarkróki kílræsti um það bil 30 ha svæði ofantil í nýja svæðinu. Verkið var unnið 27. sept. til 7. okt. Alls plægði hann 50 km löng ræsi. Þessi framræsla er forsenda þess að landið verði nothæft til trjáræktar. Eftir 2-3 ár verður hægt að planta þar fyrstu plöntunum. Einnig ýtti Pálmi út skurðbökkum og jafnaði undir girðingarstæði. Þetta verk tók 14 klst. Nest sumar verður skjólbeltum plantað í skurðruðningana.



Girðingastæði á nýja svæðinu jafnað í október 1994

7) **Trjáælingar.** Úlfur Óskarsson og Þorbergur A. Hjaltason mældu tilraunaaspirnar frá 1992 í október. Niðurstöður mælinga benda til þess að nokkur ný kvæmi muni bera af í framtíðinni. Verkið tók þá félagi 2 1/2 dag og er félaginu algjörlega að kostnaðarlausu. Nemendur í náttúrufræðideild FSu mældu tilraunaaspir frá 1990. Þar kom sömuleiðis fram ákveðinn gæðamunur á kvæmum.

8) **Smölun.** Tvisvar í haust komst hrossastóð úr Laugabakkalandi inn í Hellisskóg og dvaldi þar næturlangt í bæði skiptin. Hrossin óðu útfyrir enda landamerkjagirðingar í Ölfusá. Þau nöguðu ofan af nokkrum trjám en aðal tjónið var á göngustígum enda eru þeir ekki byggðir með umferð hrossa í huga. Starfsmenn Selfossbæjar ásamt starfsmanni Skógræktarfélagisins smöluðu út og síðan var girðingin framlengd frá því sem áður var.

9) **Jarðvegsbætur.** Starfsfólk unglíngavinnunnu ók heyi í opin flög innan skógræktarsvæðisins þar sem því var dreift. Með þessu móti munu flögin væntanlega gróa hraðar á næstu árum. Víðast hvar innan girðingar eru rofabörð og flög að gróa upp í kjölfar friðunnar.